

Ársskýrsla 2018



Ársskýrsla SÍMEY 2018

Útgefandi:

SÍMEY · www.simey.is
Þórsstíg 4 600 Akureyri

Ábyrgðarmaður:

Valgeir Magnússon

Umsjón:

Fremri Almannatengsl

Hönnun & umbrot:

Ásprent · www.asprent.is

Prentun:

Ásprent · www.asprent.is

Myndir:

Kristín Björk Gunnarsdóttir,
Helgi Þorbjörn Svavarsson,
Óskar Þór Halldórsson o.fl.

Ávarp stjórnarformanns:

Mennt er máttur

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar mun fagna 20 ára afmæli sínu á næsta ári. Þar sannast enn að „Mjór er mikils vísir“, því ég hygg að engan hafi grunað að SÍMEY næði slíkri fótfestu sem raun ber vitni þegar miðstöðin var sett á laggirnar árið 2000. Starfsmannafjöldi hefur margfaldast frá fyrsta starfsárinu og allt umfang aukist langt umfram það – ekki síst fjöldi þeirra sem sækja einhverja þjónustu til SÍMEY.

Mjög hefur dregið úr aðsókn í bóklegt nám hjá SÍMEY síðastliðin ár og því hefur aukin áhersla verið lögð á starfstengt nám og nám í skapandi greinum og tækni. Ennfremur eru raunfærnimat, hæfnigreiningar og náms- og starfsráðgjöf vaxandi þættir í starfseminni. Samstarf við atvinnulífið hefur aukist enn frekar í gegnum þessa þætti. Þar hafa ný námskeið sitt að segja og nefna má endurmenntun atvinnubílstjóra í því sambandi. Rúmlega fjögur þúsund og sex hundruð þátttakendur í starfi SÍMEY á árinu 2018 segja sína sögu um umfang starfseinnar, sem gerir SÍMEY að langfjölmennustu menntastofnuninni á Eyjafjarðarsvæðinu.



Arna Jakobína Björnsdóttir.

Ársreikningur SÍMEY fyrir árið 2018 sýnir svipaða tekjusatsetningu og áður. Sem fyrr eru tekjur vegna námskeiða langstærsti tekjuliðurinn, um það bil þrjú fimmtu hlutar. Tekjur vegna verkefna og rekstrarsamninga koma þar á eftir. Sem fyrr var rekstrarniðurstaða SÍMEY jákvæð og er það fagnaðarefni.

Ég er að ljúka meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf á vordögum og MA-ritgerð mín ber yfirskriftina „Kynbundið nám í framhaldsfræðslunni, starfsmenntun fyrr og nú.“ Rannsóknin sem að baki liggur opnaði augu mín fyrir því að við þurfum að breyta ýmsu í framhaldsfræðslunni á komandi árum. Framhaldsfræðslan hefur oft verið nefnd fimmta menntastöðin og vissulega hefur margt verið vel gert. Ójöfn þátttaka kynjanna er þó mjög áberandi þáttur. Þannig hafa mun fleiri konur en karlar nýtt sér framhaldsfræðsluna, því konur hafa skipað um það bil 7 af hverjum 10 sætum. Á hinn bóginn hafa konur í miklum meirihluta verið í óformlegu starfsnámi á sama tíma og karlar hafa frekar leitað úrræða sem opnar þeim greiða leið í formlegt, löggilt iðnnám.

Óleiðréttur launamunur kynjanna mældist 16% árið 2016, þrátt fyrir að 60 ár séu liðin frá gildistöku fyrstu laga um launajöfnuð kvenna og karla. Mikilvægt er að skólakerfið allt sé meðvitað um stöðu kynjanna í samfélaginu. Stjórnvöld og við sem störfum í verkalýðshreyfingunni – að ógleymdum atvinnurekendum – þurfum að vinna bug á kynbundnu launamisrétti. Tækifærið til þess er kjörið nú, þegar endurskoðun á lögum um framhaldsfræðslu fullorðinna stendur yfir. Yfirskriftin gæti verið hið fornveðna: „Mennt er máttur“, og þá í þeim skilningi að öll menntun verði metin til launa, hvort sem um er að ræða styttri eða lengri námsleiðir.

Stjórn SÍMEY var kjörin til tveggja ára á ársfundi vorið 2017 og mun því láta af störfum á ársfundinum 2019. Þegar þetta er skrifað er ekki ljóst hversu margir munu gefa kost á sér til endurkjörs en ég vil nota tækifærið og þakka fráfarandi stjórn farsælt og gott samstarf. Ennfremur vil ég, fyrir hönd stjórnarinnar, þakka starfsfólki SÍMEY vel unnin störf sem og þeim stóra hópi sérfræðinga sem vinnur með SÍMEY að fjölbreyttum verkefnum.

Akureyri, 26. mars 2019,

Arna Jakobína Björnsdóttir

1. Starfsemin á árinu

Inngangur

Árið 2018 var nítjándi starfsár Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar (SÍMEY) en í ársskýrslunni er gerð grein fyrir starfsemi miðstöðvarinnar á árinu, fræðsluframboði, samstarfsaðilum og öðrum helstu verkefnum.

Skýrslan er í fimm köflum. Hún hefst á kafla sem fjallar um starfsemina á árinu. Gerð er grein fyrir hverjir sitja í stjórn og hverjir starfa hjá miðstöðinni, húsnaði og fjárhag SÍMEY. Á eftir fylgir kafla um helstu samstarfssamninga og verkefni. Í þriðja kaflanum er greint frá tímabundnum verkefnum og þróunarstarfi. Í fjórða kaflanum er fjallað um fræðslustarf ársins í máli og myndum og skýrslan endar svo venju samkvæmt á samantekt.

Dagleg starfsemi

Miðstöðin er sjálfseignarstofnun sem starfar á sviði fullorðinsfræðslu með það að markmiði að efla símenntun í Eyjafirði og auka samstarf atvinnulífs og skóla til að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu og bjóða einstaklingum hagnýta og fræðandi þekkingu á öllum skólastigum. Einnig er markmið SÍMEY að veita ráðgjöf til fyrirtækja um símenntun og einstaklingum náms- og starfsráðgjöf.

Daglegri starfsemi má í mjög grófum dráttum skipta á eftirfarandi hátt:


- Dagleg umsjón með námskeiðum og þjónusta við námskeið sem eru í gangi
- Kynningar á starfsemi og símenntunarframboði SÍMEY
- Miðlun náms og námskeiða annarra fræðsluaðila, m.a. á framhalds- og háskólastigi
- Skipulagning, hönnun og þróun nýrra námskeiða
- Náms- og starfsráðgjöf
- Þjónusta við atvinnulífið: Markviss þarfagreiningar, markþjálfun og ráðgjöf til stjórnenda varðandi mannauðsmál og starfsþróun
- Samskipti og þjónusta við fræðsluaðila
- Umsjón með fyrirtækjaskólum
- Raunfærni mat
- Hæfnigreiningar
- Dagleg umsjón með námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

- Upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar og samfélagsmiðla á borð við Facebook
- Innsláttur og úrvinnsla gagna í nemendabókhalda SÍMEY
- Þróunarverkefni: Hæfnigreiningar og þróun nýrra námskráa
- Ýmis sérverkefni

Skipurit og stjórn SÍMEY

Í stjórn SÍMEY eiga sjö fulltrúar sæti. Þeir eru tilnefndir af menntastofnunum, stéttarfélögum, atvinnurekendum, Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð. Stjórnarmenn SÍMEY sem kosnir voru til tveggja ára á ársfundi 15. maí 2017 eru:

Aðalstjórn	Fyrir hönd
Stjórnarformaður: Arna Jakóbína Björnsdóttir	Opinberra stéttarfélagi
Stjórnarmenn: Jón Már Héðinsson Hugrún Hjörleifsdóttir Anna Júlíusdóttir Sverrir Gestsson Axel Grettisson Halla Margrét Tryggvadóttir	Fræðslustofnana Opinberra fyrirtækja Almennra stéttarfélagi Almennra fyrirtækja Sveitarfélagi við Eyjafjörð Akureyrarbæjar
Varastjórn	Fyrir hönd
Hjördís Sigursteinsdóttir Eyjólfur Guðmundsson Ingimar Eydal Halldór Óli Kjartansson Anna María Kristinsdóttir María Albína Tryggvadóttir Hlynur Már Erlingsson	Opinberra stéttarfélagi Fræðslustofnana Opinberra fyrirtækja Almennra stéttarfélagi Almennra fyrirtækja Sveitarfélagi við Eyjafjörð Akureyrarbæjar





Starfsemi SÍMEY skiptist í eftirfarandi svið:

- Afgreiðsla og bókhald: Tekur á móti viðskiptavinum SÍMEY, sér um símsvörun, ber ábyrgð á eldhúsi og þrifum, auk margbættrar þjónustu við starfsfólk og samstarfsaðila. Sér um reikningagerð og bókhald miðstöðvarinnar.
- Hús- og tækniúmsjón: Hefur úmsjón með rekstri húsnæðis og tæknimálum miðstöðvarinnar.
- Verkefnastjórnun/ráðgjöf: Verkefnastjórar og náms- og starfsráðgjafar miðstöðvarinnar hafa úmsjón með skipulagningu lengri og styttri námskeiða fyrir einstaklinga og atvinnulífið í samstarfi við fræðslusjóði, opinbera aðila, fyrirtæki, stofnanir og verkalyðsfélög. Ráðgjafar miðstöðvarinnar vinna að því að veita fólki á öllum aldri ráðgjöf og upplýsingar til að auðvelda ákvarðanatöku vegna náms- og starfsvals. Einnig aðstoða ráðgjafar einstaklinga við að takast á við ýmis verkefni sem tengjast námi og starfsþróun.
- Námsverið á Dalvík: Er útstöð frá SÍMEY, rekin í sameiningu miðstöðvarinnar og Dalvíkurbyggðar. Þar starfa verkefnastjóri, náms- og starfsráðgjafi við uppbyggingu námsversins, ráðgjöf og þjálfun, kynningu á náms- og starfsráðgjöf í fyrirtækjum, skipulagningu og úmsjón með námskeiðahaldi við utanverðan Eyjafjörð, vinnu með fyrirtækjum að aukinni menntun og fagþekkingu starfsmanna auk þess sem starfsmaðurinn þar kemur að ýmiss konar teymis- og verkefnavinnu með öðrum starfsmönnum SÍMEY.



Starfsmenn SÍMEY

Á árinu voru 12 starfsmenn í tæplega 10 starfsgildum hjá SÍMEY. Þeir eru/voru:

Aníta Jónsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri.

Emil Bjarkar Björnsson, verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi.

Helgi Kristinsson, húsumsjónarmaður.

Helgi Þorbjörn Svavarsson, verkefnastjóri og ráðgjafi.

Ingunn Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi.

Kristín Björk Gunnarsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi.

Kristjana Friðriksdóttir, þjónustufulltrúi.

Kristján Sturluson, verkefnastjóri og ráðgjafi

Sigrún Björnsdóttir, bókari.

Sóley Guðmundsdóttir, þjónustufulltrúi.

Svanfríður Inga Jónasdóttir, ráðgjafi og verkefnastjóri við utanverðan Eyjafjörð.

Valgeir Magnússon, framkvæmdastjóri.

Til viðbótar við fasta starfsmenn SÍMEY komu um 140 verktakar að starfseminni sem leiðbeinendur/kennarar og sérfræðingar. Þessi hópur er mjög fjölbreyttur og kemur bæði úr atvinnulífinu og skólakerfinu á svæðinu.



SÍMEY hefur innleitt aðferðafræði straumlínustjórnunar (*LEAN management*) og taka fundir og skipulagning mið af þeirri aðferðafræði.

Í starfi SÍMEY er mikið lagt upp úr þekkingaröflun starfsmanna og hefur áherslan í innri fræðslu verið þjálfun í verkefnastjórnun og skipulagsfærni, innleiðing á INNU (nýtt nemendabókhaldskerfi) fyrir framhaldsfræðsluna, samskipti og vellíðan í starfi, og aðferðafræði straumlínustjórnunar (*LEAN*). Einnig hafa starfsmenn SÍMEY verið duglegir við að afla sér þekkingar á ýmsum öðrum sviðum og hvetur vinnustaðurinn til þess.

Starfsmenn SÍMEY



Valgeir Magnússon
Fræðingur



Sigrún Björnsdóttir
Bókari



Helgi P. Svavarsson
Verkefnastjóri og
ráðgjafi



Kristján Sturluson
Verkefnastjóri og
ráðgjafi



Aníta Jónsdóttir
Náms- og
starfsráðgjafi og
verkefnastjóri



Sóley
Guðmundsdóttir
Þjónustufulltrúi



Kristjana
Friðriksdóttir
Þjónustufulltrúi



Emil Björnsson
Verkefnastjóri og
náms- og
starfsráðgjafi



Svanfríður Inga
Jónsdóttir
Ráðgjafi og
verkefnastjóri við
utanverðan Eyjafjörð



Kristín B.
Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri og
ráðgjafi



Ingunn Helga
Bjarnadóttir
Verkefnastjóri og
ráðgjafi



Helgi Kristinsson
Húsumsjón

Húsnæði og vinnuástaða

SÍMEY er í samstarfi við Dalvíkurbyggð og heldur úti starfsemi í námsverinu á Dalvík. Frá hausti 2017 hefur það verið til húsa í Víkurröst þar sem eru tvær kennslustofur og skrifstofa verkefnastjóra. Einnig hefur SÍMEY afnot af húsnæði Tónlistarskólans í samstarfi aðila og öfugt.

Á Akureyri fer starfsemi SÍMEY eftir sem áður fram í Þórsstíg 4 þar sem eru níu skrifstofur, átta kennslustofur, afgreiðsla, fullbúið eldhús og kaffitorg þar sem nemendur geta haft það gott í matar- og kaffitímum og geta einnig unnið saman. Einnig er námskeiðahald SÍMEY mikið úti í atvinnulífinu, innan fyrirtækja og stofnana. Einnig er hluti náms á vegum SÍMEY innan VMA og má þar nefna opnar smíðjur, FabLab, textílvinnu og málmsuðu.

Fjárhagur

Rekstrartekjur SÍMEY á árinu voru 234,5 milljónir króna. Þar af voru tekjur vegna rekstrarsamninga 35,9 milljónir, 150,4 milljónir voru námskeiðstekjur, 36,8 milljónir voru tekjur vegna verkefna og aðrar tekjur voru 11,5 milljónir króna.

Rekstrargjöld voru 232,9 milljónir og fjármagnstekjur 2,8 milljónir. Jákvæð rekstrarniðurstaða ársins var um 4,5 milljónir króna.



2. Helstu samstarfssamningar og verkefni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

SÍMEY er einn af samstarfsaðilum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og hefur það samstarf verið mikið á síðustu árum. FA er í eigu Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir fé til reksturs FA og til Fræðslusjóðs, sem ráðstafar fé til viðurkenndra fræðsluaðila til að mæta kostnaði við námsleiðahald (vottaðar námsleiðir), náms- og starfsráðgjöf og raunfærni-mat.



Hlutverk FA er að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB, Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtakanna. Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Starfsemin byggir á samþykktum félagsins og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

FA hefur gert samning við SÍMEY ár hvert og gengur samningurinn út á að bjóða upp á vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf, raunfærni-mat, þróunarverkefni o.fl. Meginmarkmiðið með verkefnum þessum er að veita fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Náms- og starfsráðgjöf

Hjá SÍMEY eru starfandi þrjár náms- og starfsráðgjafar; Aníta Jónsdóttir, Emil Björnsson og Valgeir Magnússon framkvæmdastjóri. Einnig starfa nokkrir verkefnastjórar og ráðgjafar við verkefni á ýmsum sviðum; Kristín Björk Gunnarsdóttir, Helgi Þorbjörn Svavarsson, Ingunn Helga Bjarnardóttir, Kristján Sturluson og Svanfríður Jónasdóttir.

Verkefni ráðgjafa eru fjölbreytt og þvert á þjónustu sem er í boði hjá SÍMEY. Má þar nefna ráðgjöf til nemenda og skjólstæðinga SÍMEY, einstaklinga á vinnumarkaði, einstaklinga í atvinnuleit og raunfærni-mat. Þar fyrir utan koma ráðgjafar að öðrum verkefnum og má þar nefna kennslu, þarfagreiningar, gerð umsókna varðandi styrki, utanumhald og ráðgjöf við fólk af erlendum uppruna, flóttafólk, stuðningur og ráðgjöf fyrir skjólstæðinga Fjölmennar, hæfnigreiningu starfa o.fl.

Ráðgjafar koma að skipulagningu námsleiða og námsleiða, taka þátt í auglýsingagerð og stundaskrágerð, eru öflugir í hugmyndavinnu og þróunarverkefnum þar sem starfið kallar á sveigjanleika og viðbrögð gagnvart síbreytilegum vinnumarkaði.

Ráðgjafar nýta sér Markviss-þarfagreiningu og aðstoða fyrirtæki og stofnanir við að sækja um Fræðslustjóra að láni til að fjármagna greiningarvinnu og fræðsluverkefni. Þessi upptalning er ekki tæmandi en verkþættir eru þeir sömu á milli ára, en vægi þeirra mismunandi eftir aðstæðum.

Raunfærni-mat

Raunfærni-mat er stöðugt vaxandi viðfangsefni í starfsemi SÍMEY. *Raunfærni-mat* gengur út á að fólk með mikla starfsreynslu getur fengið hæfni sína og þekkingu metna á móti námskrá í ákveðnum starfsgreinum.



Á árinu var farið í stórt raunfærnimatsverkefni í fisktækni og luku um 30 manns því mati með um 2.280 einingum. Hluti af því verkefni var unnið í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga og Fisktækniskóla Íslands og sinni SÍMEY um 10 manna hópi á Þórhöfn með mat í fisktækni. Í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur fóru 16 manns í gegnum raunfærnimat í blönduðum greinum með samtals um 2200 einingar og 4 í mat í skipstjórn í samstarfi við VISKU í Vestmannaeyjum.

Á vorönn var boðið upp á raunfærnimat félagsliða. Alls tóku 10 manns þátt í raunfærnimatinu með glæsilegum árangri, en að meðaltali fékk hver einstaklingur um 55 einingar (nýjar framhaldsskólaeiningar) metnar. Ánægjulegt er að segja frá því að það að fara í gegnum raunfærnimat felur í sér mikla sjálfstyrkingu og hvatningu og í kjölfar raunfærnimatsins hóf meirihluti hópsins nám við Félagliðabráú í SÍMEY.



Samstarf við atvinnulífið

SÍMEY hefur í gegnum árin verið í góðu samstarfi við atvinnulífið í Eyjafirði. Þarfagreiningar innan fyrirtækja og stofnana undir merkjum MARKVISS-hugmyndafræðinnar, hafa nýst vel til að aðstoða við gerð fræðsluáætla og uppbyggingu starfsþróunar starfsmanna. Slík verkefni hafa gefið mikilvægar tengingar við atvinnulífið sem leitt hefur til frekara samstarfs eins og uppbyggingu fyrirtækjaskóla. Afar gott samstarf hefur verið við fræðslusjóði stéttarfélaganna sem hafa styrkt þarfagreiningar undir merkjum Fræðslustjóra að láni sem og fræðsluáætlanir innan fyrirtækja og stofnana.

Á árinu lauk SÍMEY við þarfagreiningu fyrir stjórnendur Akureyrarbæjar, búsetusvið Akureyrarbæjar, Plastiðjuna Bjarg – Iðjulund og Skógarlund – miðstöð virkni og hæfingar, Sigló Hótel og veitingastaðina Bryggjuna og Strikið. Á árinu hófst jafnframt vinna við þarfagreiningu hjá Stjórnsýslusviði Akureyrarbæjar.

SÍMEY er í samstarfi við ýmsa aðila um fyrirtækjaskóla fyrir starfsfólk. Þar má m.a. nefna Heilbrigðis-

stofnun Norðurlands, Amtsbókasafnið, Slippinn, búsetusvið Akureyrarbæjar, Plastiðjuna Bjarg – Iðjulund og Skógarlund og grunnskóla Akureyrarbæjar.

Alls voru haldin 63 námskeið á árinu undir merkjum fyrirtækjaskóla eða í beinu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Þátttakendur voru alls 1.332.



Hæfnigreiningar á vinnumarkaði

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hefur það hlutverk samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að skilgreina menntunarfærir markhópsins, m.a. með hæfnigreiningum, í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila.

FA hefur þróað aðferð við hæfnigreiningar með virkri aðkomu atvinnulífsins. Niðurstöður hæfnigreininga eru „starfaprófilar“ en þeir innihalda skilgreiningu starfsins og hæfnikröfur sem nýtast bæði sem viðmið í námskrám og raunfærnimati.



Greiningaraðferðin byggir á þrepaskiptum hæfniþáttum þar sem búið er að skilgreina á hlutlægan hátt þá persónulegu og faglegu hæfni sem skiptir meginmáli á vinnumarkaði. Unnið er eftir einföldu, skipulögðu ferli og fer greiningin fram á þremur fundum með þátttöku 10-20 manns sem þekkja vel til starfsins.

Á árinu lauk SÍMEY við að hæfnigreina nokkur störf í ólíkum greinum. Á vordögum lauk hæfnigreiningu á starfi leiðsögumans, starfi verkstjóra í fiskvinnslu og gæðaeftirlitsmanns í fiskvinnslu. Á haustdögum voru greind tvö störf í íþróttamannvirkjum; starf í íþróttahúsi og starf sundlaugarvarðar og tvö störf í byggingaiðnaði; starf aðstoðarmanns í málmiðnaði og starf verkamanns II í byggingaiðnaði.

Gæðamál

Í lok október fékk SÍMEY afhenta staðfestingu á svokallaðri EQM+ gæðavottun en hún tekur til hönnunar, þróunar og umsýslu náms í fullorðinsfræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Vottunin er til þriggja ára og gildir til loka október 2021. SÍMEY fékk árið 2012 EQM gæðavottun fyrir fræðslustarf en þessi endurnýjaða vottun er víðtækari og tekur, sem fyrr segir, einnig til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

EQM stendur fyrir European Quality Mark og er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vottunaraðili hér á landi. Matsferlið hjá SÍMEY, sem hófst á síðastliðnu ári, var í höndum Katrínar Frímansdóttur hjá fyrirtækinu Vaxandi – Ráðgjöf.

EQM+ er evrópskt, gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila sem er hannað til þess að mæta auknum kröfum um gagnsemi náms og gæðaviðmið fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. Meðal annars er horft til gæða þjónustunnar sem er veitt, innri gæðastjórnunar, verklagsreglna og hvernig núverandi starfshættir ríma við viðurkennd gæðaviðmið.



Íslenska sem annað mál

SÍMEY heldur utan um og skipuleggur íslensku sem annað mál fyrir erlenda ríkisborgara á Eyjafjarðarsvæðinu. Haldið var 21 námskeið á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð á árinu, þar af 11 á vorönn og 10 á

haustönn. Á vorönn sóttu 115 nemendur íslenskunám í gegnum hefðbundin íslenskunámskeið sem og námsleiðir FA en þeir voru 104 að haustinu.

Námskeiðin voru langflest 60 kennslustunda löng en sá tímafjöldi jafngildir áfangaviðmiðum í námskrá íslensku fyrir útlendinga. Boðið var upp á námskeið á fimm ólíkum getustigum báðar annirnar. Auk hefðbundinna námskeiða var boðið upp á námskeið fyrir Pólverja með pólskum kennara og svo var eitt námskeið haldið þar sem verið var að þróa nýjar kennsluáferðir, námsmat o.fl.

SÍMEY fann fyrir aukinni eftirspurn eftir starfstengdum íslenskunámskeiðum og var þá í öllum tilfellum um erlenda sérfræðinga að ræða, það er að segja fólk sem vinnur ákveðin hátækni- eða sérfræðistörf. Þá var boðið upp á sérstök skriftar- og lestrarnámskeið báðar annirnar, ætluð fólk sem kemur úr öðru málumhverfi en okkar og eru þau námskeið nokkurs konar undanfari fyrir almennu námskeiðin.



Fjölmennt

Starfsemin hjá Fjölmennt var með svipuðu sniði og fyrri ár. Samstarfið við Atvinnu með stuðningi (AMS) hélt áfram, en það snýst um að útvega skjólstæðingum AMS nám sem eflir þá á vinnumarkaði. Ljóst er að námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Sterkari starfsmaður, hentar mjög vel fyrir þennan hóp en sú námskrá lýtur að samskiptum, sjálfstyrkingu og upplýsingalæsi.

Að öðru leyti var starfsemin í gamalgrónum farvegi þar sem námskeið í hreyfingu, sjálfstyrkingu, samskiptum og handverki er uppistaðan. Leitast hefur verið við að draga úr námskeiðum undir hatti Fjölmenntar og færa þá þjónustu að einhverju leyti til annarra aðila. Má í því sambandi benda á reiðnámskeið og fótbolta fyrir geðfatlaða. Unnið verður samkvæmt þessari stefnu áfram á árinu 2019. Markmiðið er að sinna betur þeim sem þurfa mikla aðstoð og einstaklingsþjónustu.



Sterkari starfsmaður í grunnskólum Akureyrarbæjar

Í janúar hófst námsleiðin *Sterkari starfsmaður* fyrir starfsfólk í grunnskólum Akureyrar, aðra en kennara. Sterkari starfsmaður er ein af námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og er megináhersla í náminu upplýsingatækni annars vegar og samskipti og sjálfstyrking hins vegar. Einnig er þátttakendum boðið upp á náms- og starfsráðgjöf.

Þátttakendur í náminu eru um 160 manns sem koma úr 8 grunnskólum. Námið er afar fjölbreytt og meðal námskeiða sem boðið hefur verið upp á er fræðsla frá Barnavernd, LEAN straumlínustjórnun og ýmiss konar námskeið á sviði upplýsingatækni.



Starfsemin við utanverðan Eyjafjörð

SÍMEY starfrækir námsver á Dalvík. Námsverið er til húsa á neðri hæð í Víkurröst. Þar hefur það stóra skólastofu til umráða og aðra litla auk skrifstofu og aðgangs að eldhúsi. Gott samstarf er um húsnæðið við Tónlistarskólann á Tröllaskaga, sem deilir kaffistofu og húsnæði að hluta.

Viðvera á Siglufirði og í Ólafsfirði tengist verkefnum

hverju sinni sem og kynningum og markaðssetningu á fræðsluverkefnum og vinnu með stofnunum/fyrirtækjum við skipulagningu fræðslu- og úrbótaverkefna. Gott samstarf er við verkalýðsfélagið Einingu-Iðju á Siglufirði um húsnæði ef á þarf að halda.

Vorið 2016 fór stór hópur starfsmanna fiskvinnslu Samherja á Dalvík í raunfærnimat í fisktækni sem SÍMEY bauð upp á. Í framhaldi var ákveðið að bjóða upp á fjögurra anna nám í fisktækni á Dalvík. Námið var skipulagt í samvinnu SÍMEY og Menntaskólans á Tröllaskaga (MTR) og var kennt í námsverinu á Dalvík. Námið var 120 einingar, grunngreinar sem SÍMEY hélt utan um og faggreinar sem Menntaskólinn á Tröllaskaga hafði veg og vanda af. Nemendur voru frá ýmsum löndum, sem endurspeglar þann fjölbreytta mannauð sem



er að finna innan fiskvinnslunnar á Eyjafjarðarsvæðinu. Í útskriftarhópum voru t.d. þrír af pólskum uppruna, tveir af lettneskum, tveir af taílenskum og einn kom frá Grænhöfðaeyjum. Auk þess var mikilvægt að gott samstarf væri við vinnustað nemenda, því um var að ræða nám með vinnu. Vorið 2018 útskrifuðust 20 fisktæknar frá MTR.

Á árinu var raunfærnimat í fisktækni kynnt skipulega á Siglufirði, í Ólafsfirði og á Dalvík og síðan var boðið upp á raunfærnimat á Dalvík fyrir áhugasama. Námsráð-





gjafi SÍMEY og verkefnastjóri efndu einnig til kynninga á Siglufirði og í Ólafsfirði á námsmöguleikum hjá SÍMEY og námsráðgjafi var með auglýsta viðtalstíma á öllum þéttbýlisstöðunum við utanverðan Eyjafjörð.

Á vorönn var auk fisktækninámsins kennd enska fyrir útlendinga í námsverinu á Dalvík og á haustönn voru tveir fjölmennir byrjendahópar við nám í íslensku fyrir útlendinga í námsverinu og einnig hófst námsleiðin Skrefið.

SÍMEY skipuleggur ýmis verkefni á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík, í samræmi við MARKVISS-fræðslu-áætlun sem unnin var með starfsfólki þar á bæ.

Endurmenntun atvinnubílstjóra

Endurmenntunarnámskeið atvinnubílstjóra hófust í febrúar. Þau byggja á Evróputilskipun sem Ísland á aðild að á hinu Evrópska efnahagssvæði. Námskeiðin taka til atvinnubílstjóra sem aka bifreiðum í flokkum D1 og D til farþegaflutninga í atvinnuskyni og í flokkum C1 og C til vöruflutninga í atvinnuskyni.

Þeim atvinnubílstjórum sem öðluðust ökuréttindi sín í framangreindum flokkum fyrir 10. september 2013 var skylt að hafa lokið fimm endurmenntunarnámskeiðum fyrir 10. september 2018 – eða eigi síðar en fimm árum frá gildistöku ökuskírteinis til ökuréttinda í þessum flokkum – til þess að fá ökuskírteini sín endurnýjuð. Almennt gildir nú sú regla að atvinnubílstjórar þurfa að

hafa lokið fimm endurmenntunarnámskeiðum – samtals 35 kennslustundum - eigi síðar en fimm árum frá gildistöku ökuskírteina til aukinna ökuréttinda.

Sjö mismunandi námskeið hafa verið kennd: Skyndihjálp – aðkoma að slysavettvangi, Fagmennska og mannlegi þátturinn, Farþegaflutningar, Lög og reglur, Umferðaröryggi og bíltækni, Vistakstur – öryggi í akstri og Vöruflutningar. Þegar hafa verið haldin 46 námskeið með um 745 þátttakendum. Margir hafa lokið fleiri en einu námskeiði.



Reynslan af endurmenntunarnámskeiðunum hefur almennt verið mjög góð. Námskeiðin eru haldin í SÍMEY í samstarfi við ökuskólann Ekil á Akureyri. Hvert námskeið hefur verið metið af þátttakendum og er ekki hægt að segja annað en að námsmatið skori bærillega hátt. Eini þátturinn sem hefur almennt fengið lægri einkunn en aðrir er lengd námskeiðanna, sjö klukkustundir, sem mörgum þátttakendum þykir um of.

Opnar smiðjur

Megintilgangur með námi í Smiðju er að námsmenn kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform.

Viðfangsefnin geta verið fjölbreytt en æskilegt er að Smiðjan henti staðbundnum þörfum á vinnumarkaði. Lengd námsins er 80 klukkustundir og það byggir á vottaðri námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Á vegum SÍMEY var boðið upp á tvær gerðir af Opnum smiðjum á árinu, þ.e. FabLab smiðju og smiðju í TIG-suðu.

FabLab smiðja

Frá opnun FabLab Akureyri í húsnæði Verkmenntaskólans á Akureyri árið 2017 hefur SÍMEY staðið fyrir fjölmörgum FabLab námskeiðum. Þar er farið í ýmis grunnatriði sem opna nemendum sýn inn í nýjan og óþekktan tækniheim og varpa ljósi á hvernig hlutirnir verða til frá hönnun á tölvuskjá til þrívíddarprentunar eða skurðar í laser- eða vínilskurðarvélum.

Á haustönn hélt SÍMEY 80 klukkustunda nám undir yfirskriftinni Hönnunar- og tilraunasmiðja í FabLab en bauð jafnframt upp á styttri FabLab námskeið.

Námið byggir á vottaðri námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.



Málmsuðusmiðja

Á haustdögum hélt SÍMEY námskeið í málmsuðu. Almennt er talað um þrens konar málmsuðu: þ.e. TIG-suðu, MIG-MAG suðu og PIN-suðu. Á námskeiðinu var eingöngu kennd TIG-suða, sem með öðrum orðum er hlífðargassuða og er einkum ætluð fyrir finni málmsmíði í svart stál, ryðfrítt og ál. Aðferðina má nota á alla suðuhæfa málma en þó er hún oftast notuð til

suðu á þunnu efni. Kennt var fjórum sinnum í viku; á mánudögum, miðvikudögum, föstudögum og laugardögum, samtals 80 klukkustundir. Námið byggir á vottaðri námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Námskeiðið var haldið í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Slík suðunámskeið hafa verið fastur liður í námskeiðahaldi SÍMEY á undanförunum árum.

Listasmiðjur

Listasmiðjur voru starfræktar bæði á vor- og haustönn. Annars vegar er um að ræða nemendur í Listasmiðju – málun og hins vegar Listasmiðju – teikningu. Hvort námskeið er 80 klukkustundir. Kennarar á námskeiðunum eru Bryndís Arnardóttir (Billa), Guðmundur Ármann og Brynhildur Kristinsdóttir.

Á vorönn var haldin ein Listasmiðja í málun og á haustönn hófst ein Listasmiðja í teikningu fyrir þátttakendur með skerta starfsgetu. Nemendur voru alls 16 talsins. Námskeiðunum lýkur ávallt með sýningu á verkum nemenda. Slík sýning var haldin í lok apríl.



Markþjálfun

Nám í markþjálfun er í boði hjá SÍMEY, í samvinnu við Evolvía ehf. sem er með ACSTH-vottun frá *International Coach Federation* sem býðir að ACC-markþjálfanám og framhaldsnám í markþjálfun hjá Evolvía er viðurkennt og uppfyllir öll skilyrði og kröfur ICF (*International Coach Federation*). Námið í SÍMEY er grunnnám í markþjálfun, svokallað ACC-markþjálfanám.

SÍMEY hefur á að skipa 4 markþjálfum og býður upp á markþjálfun fyrir bæði einstaklinga og hópa. Þá hefur fyrirtækjasvið SÍMEY sett saman markþjálfun sem hent- ar einkar vel fyrir stjórnendur og teymi innan vinnu- staða.



Mannlegi millistjórnandinn

Fyrirtækjasvið SÍMEY leggur áherslu á að bjóða upp á fræðslu fyrir stjórnendur. Þriðja árið í röð bauð SÍMEY, í samstarfi við Hagvang, upp á námskeiðið *Mannlegi millistjórnandinn*. Markmiðið er að bjóða nám fyrir stjórnendur og millistjórnendur sem styrkir þá í störfum sínum. Lögð er áhersla á mannlega þáttinn í starfi stjórnandans, mikilvægi þess að þekkja sjálfan sig og fólkið sitt.

Námið samanstendur af fjórum hálfsdags vinnustof- um og markþjálfasamtali. Vinnustofurnar eru byggðar á fyrirlestrum og hagnýtum æfingum. Fjallað er um orku- stjórnun, mannauðsstjórnun, samskipti og leiðtoga- hlutverkið.



Námskeiðsmat

Á árinu kannaði SÍMEY, líkt og fyrri ár, viðhorf einstaklinga til námsins. Allir sem sótt höfðu vottaða námsleið hjá SÍMEY fengu sent námskeiðsmat sem þeir voru beðnir um að fylla út. Með slíku mati vildi SÍMEY fá afstöðu einstaklinga til námsins og starfseminnar í því skyni að bæta þjónustuna.

Svarhlutfall var sambærilegt fyrir báðar annir, eða rétt rúmlega 50% á vorönn og 53% á haustönn. Skilgreindar voru níu kjarnaspurningar þar sem spurt var á fimm punkta kvarða þar sem 5 er besta/ákjósanlegasta niðurstaðan. Heildarmeðaltal þessara níu spurninga er mjög svipað fyrir báðar annir eða 4,54 á vorönn og 4,46 á haustönn.

Afar ánægjulegar niðurstöður litu dagsins ljós en þannig svöruðu um 97% svarenda á vorönn og 96% svarenda á haustönn þeirri fullyrðingu játandi að námið hjá SÍMEY væri gagnlegt. Þá leið öllum svarendum vel í náminu á vorönn og rúmlega 98% svarenda á haustönn.



Allir svarendur á vorönn voru sammála þeirri fullyrðingu að þeir bæru traust til SÍMEY sem fræðsluaðila og rúmlega 94% svarenda á haustönn voru sammála þessari fullyrðingu. Um 95% svarenda fannst aðstaðan til náms hjá SÍMEY vera góð á báðum önnum. Rétt um 89% svarenda á vorönn fannst starfsfólk SÍMEY taka vel tillit til þarfa þeirra, samanborið við rúmlega 94% svarenda á haustönn.

Vinnufundir verkefnastjóra

Vinnufundir verkefnastjóra símenntunarmiðstöðva innan Kvasis eru haldnir tvisvar á ári, að vori og hausti. Sá háttur hefur verið hafður á mörg undanfarin ár. Árið 2018 var ákveðið að leita til þriggja símenntunarmiðstöðva um að skipuleggja og útfæra fundi ársins. Auk SÍMEY urðu Þekkingarnet Þingeyinga og MSS (Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum) fyrir valinu. Kristín Björk Gunnarsdóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi, var fulltrúi SÍMEY í undirbúningsnefndinni.



Vorfundurinn var haldinn í Stykkishólmi dagana 24.-25. apríl en haustfundurinn á Hvammstanga 26.-27. september. Yfirskrift beggja funda var „Gleði og leikur“ og markmiðið var að finna leiðir til að bæta gleði og leik inn í starfið í símenntunarmiðstöðvunum. Að fundunum loknum var send greinargerð til Kvasis þar sem er að finna ýmsar tillögur og hugmyndir.

3. Tímabundin verkefni og þróunarstarf

Hæfnisetur ferðapjónustunnar

Tilraunaverkefni um fræðslu starfsmanna í ferðapjónustu, sem hófst á haustmánuðum 2017, hélt áfram í ár. Verkefnið hefur það að markmiði að ná til fyrirtækja í ferðapjónustu með fræðslu og þjálfun af ýmsum toga. Í verkefninu eru verkferlar fyrirtækja samhæfðir, aðilar skiptast á efni, ráðgjöf og öðru sem að gagni kemur til að auka hæfni starfsfólks í ferðapjónustu.



Á árinu var verkætluin endurskoðuð, en þessu verkefni átti að ljúka í október 2018, og ákveðið var að framlengja verkefnið út árið 2020. Í janúar 2018 var undirritaður samningur um Hæfnisetur ferðapjónustunnar á grundvelli samþykktar Alþingis frá október 2016. Starfsemi þess miðar að því að uppfylla þarfir ferðapjónustunnar fyrir aukna hæfni og auðvelda fyrirtækjum að fjárfesta í hæfni starfsmanna. Lögð er áhersla á samvinnu við greinina, aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvöld við að þróa leiðtogafræðslu, námslotur fyrir starfsmenn í ferðapjónustu, þrepaskipt starfsnám og raunfærnimat í starfsgreinum ferðapjónustunnar.



Á árinu voru undirritaðir samstarfssamningar um fræðslu í ferðapjónustu við Hótel Sigló á Siglufirði, veitingastaðinn Rauðku á Siglufirði, veitingastaðina Strikið og Bryggjuna á Akureyri, og aðila í Ferðafélagi Eyjafjarðar. Farið var í greiningarvinnu á þessum stöðum, fræðsluáætlun sett upp og unnið eftir henni.

Útlit er fyrir að verkefnið muni stækka á árinu 2019 og eru nú þegar nokkrir samningar við önnur ferðapjónustufyrirtæki á borðinu. Það eru spennandi tímar framundan í ferðapjónustunni.

Sjósókn

Undanfarin ár hefur SÍMEY verið í samstarfi við Sjómenn, sem er fræðslusjóður sjómanna, í þeim tilgangi að efla samstarf innan Kvasis og tala fyrir því að ná til sjómanna á landsvísi með þeim verkfærum sem framhaldsfræðslan hefur yfir að búa, m.a. raunfærnimati.

Á haustdögum var haft samband við flestar símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis varðandi verkefnið Sjósókn, í þeim tilgangi að koma á auknu samstarfi. ÍÐAN fræðslusetur hefur unnið með SÍMEY að útfærslu raunfærnimats í iðngreinum fyrir sjómenn en það er einn angur verkefnisins. Í samtölunum voru allar símenntunarmiðstöðvarnar hvattar til að vera þátttakendur á Facebook-síðu verkefnisins, „Sjósókn-áskoranir



og tækifæri til mennta í sjávarútvegi“. Farið var yfir raunfærnimatsferli fyrir sjómenn, almennir samstarfsmöguleikar ræddir og öllu auglýsinga- og kynningarefni deilt á milli miðstöðvanna. Samskiptin hafa einnig falist í ráðgjöf til aðila varðandi markhópin, leiðir til að nálgast hann og koma upplýsingum á framfæri sem og framkvæmd verkefna.

Þeir sjómenn sem fara í raunfærnimat fara gjarnan í vélstjórn, matartækni eða netagerð. Enn er eftirspurn eftir raunfærnimati í vélstjórn og málmsuðu. Tækifæri til raunfærnimats í þessum greinum og iðngreinum almennt er alltaf kynnt sem möguleiki, auk raunfærnimats í fisktækni/fiskeiðum. VÍSKA í Vestmannaeyjum hefur haldið utan um raunfærnimat í skipstjórn og alltaf er nokkur hópur sem fer þar í gegn af öllu landinu, í samstarfi miðstöðva.



Ljóst er að þetta verkefni hefur skilað því að málefni sjómanna eru sýnilegri innan geirans en áður. Áhuga-vert er að greina betur hæfni og færni sjómanna í tengslum við hæfnigreiningar til að geta þróað starfstengt raunfærnimat og einnig nám við hæfi. Vinna við hæfnigreiningar myndar líka mikilvæg tengsl við þennan áhugaverða markhóp.

Alþjóðlegt samstarf

Heimsókn til Skotlands

Í byrjun október fór hópur frá Hæfnisetri ferðapjónustunnar, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, nýsköpunar- og atvinnuvegaráðuneytinu, auk fjögurra fulltrúa símenntunarmiðstöðva (SÍMEY, Mímir-símenntun, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi) – samtals 13 manna sendinefnd – til Skotlands til þess að kynna sér fræðslu og þjálfun starfsfólks í ferðapjónustu.

Farið var í heimsókn í fyrirtæki og stofnanir í Glasgow



og Edinborg og fræðst um samstarf atvinnulífs og skóla um menntun og þjálfun í hótél- og veitingageiranum. Ljóst er að um margt eru líkindi með uppbyggingu í ferðaþjónustu á Íslandi og í Skotlandi. Í báðum löndum er m.a. lögð áhersla á svokallaða náttúruferðamennsku þar sem náttúruupplifun ferðamannsins er í öndvegi.

Erasmus+ styrkur og ferð til Valencia

Í febrúar sótti starfsfólk SÍMEY um styrk í Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins í flokknum nám og þjálfun. Styrkumsóknin var samþykkt og var styrkurinn m.a. nýttur með því að senda tvo verkefnastjóra á námskeið um upplýsingatækni í kennslu og námi hjá ESMOVIA Training and Mobility í Valencia á Spáni. Markmiðið var að kynnst nýjum leiðum til að nýta upplýsingatækni í námi og jafnframt kynnst evrópskum aðilum sem kljást við svipuð verkefni. Hluti styrksins verður nýttur á árinu 2019 en þá munu aðilar sækja námskeið um fjölmenningu.



4. Fræðslustarfið í máli og myndum


Námskeið á árinu

Umtalsverð aukning varð í námskeiðahaldi á milli ára.

Alls voru haldin 330 (231) námskeið í sex flokkum á Akureyri og í Eyjafirði og kenndar nemendastundir voru samtals 67.086 (60.886) klukkustundir.


- Námsleiðir FA, sem eins og nafnið gefur til kynna eru allar vottaðar námskrár frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Fjölmenn, sem eru námskeið á vegum fullorðinsfræðslu fatlaðra.
- Starfstengd námskeið og persónuhæfni er flokkur sem telur námskeið sem annars vegar er ætlað að efla einstaklinga faglega í starfi, ekki síst í tengslum við fyrirtækjaskóla, og námskeið í samstarfi við vinnustaði og hins vegar námskeið sem beinast að því að styrkja og efla einstaklinginn í persónufærni. Einnig námskeið fyrir stjórnendur.
- Íslenska fyrir útlendinga.
- Tómstundir.
- Fyrirtækjaskólar.





Fjöldi þátttakenda

Alls sóttu 4.639 (3.924) einstaklingar námskeið á vegum SÍMEY á árinu. Að auki nýttu um 700 manns sér aðra þjónustu í tengslum við náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og annað.



Kynjahalli í hópi viðskiptavina SÍMEY minnkaði til muna á árinu. Árum saman hafa konur verið um 70% þátttakenda og karlar um 30% en þetta hlutfall var u.þ.b. 60% konur og 40% karlar á árinu. Stöðugt er leitast við að rýna námsframboðið með kynjagleraugum og fjölga viðskiptavinum í hópi karla. Merkja má ákveðna aukningu hvað varðar karlmenn í tengslum við raunfærnimat, t.d. í iðngreinum og fisktækni.


Hvað varðar hlutfall kynjanna í nemendastundum, er

umtalsverð aukning hjá karlmonnum. Ákveðnar námsleiðir hafa höfðað vel til karlmannna og eru endurmenntunarnámskeið atvinnubílstjóra besta dæmið um það.

Fjöldi nemendastunda

Kenndar nemendastundir eru mælikvarði á umfang fræðslustarfs. Sá mælikvarði fæst með því að margfalda fjölda nemenda á hverju námskeiði með fjölda kenndra klukkustunda á sama námskeiði.


Nemendastundum á árinu fjölgaði úr 60.886 í 67.086, eða um rúm 10%.




Flokkun þátttakenda eftir kyni

Eins og þegar hefur komið fram eru konur í meirihluta þeirra sem sækja sér sí- og endurmenntun. Kynjaskipting í hverjum námskeiðsflokki um sig er aðeins mismunandi en í öllum tilfellum hafa konurnar þó vinn-inginn, nema í endurmenntun atvinnubílstjóra og raunfærnimati. Þar eru karlarnir fleiri, hvort heldur litið er til fjölda nemenda eða nemendastunda. Í endurmenntun atvinnubílstjóra eru karlar um 98% þátttakenda.

Ný persónuverndarlöggjöf gerir það að verkum að SÍMEY



hefur minni aðgang en áður að persónuupplýsingum þátttakenda. Vegna þessa liggja ekki fyrir upplýsingar um kyn og aldur rúmlega 2.000 þátttakenda í nám-skeiðum á vegum fyrirtækjasviðs SÍMEY á árinu.



5. Samantekt

Ekki er mikil breyting í grunnstarfsemi SÍMEY á árinu hvað varðar úthlutun fjármagns í vottað nám og náms- og starfsráðgjöf. Segja má að úthlutunin sé sambærileg á milli ára.

Á árinu var haldið áfram að leita leiða og þróa námsleiðir FA í samstarfi við atvinnulífið. Slíkt raungerir nám betur og einnig þá er hægt með skjótvirkum hætti að ná til atvinnulífs og markhópa. Sá möguleiki sem miðstöðvarnar hafa til að aðlaga námsframboð hverju sinni innan fjáruúthlutunar er afar jákvætt og gefur tækifæri til að bregðast við ólíkum þörfum hverju sinni. Velheppnað verkefni þessu tengt er námsleiðin *Sterkari starfsmaður* sem var í boði fyrir starfsmenn í grunnskólum Akureyrar, aðra en kennara, með megináherslu á upplýsingatækni og samskipti.

Minni ásókn er í ákveðnar námsleiðir og greinilegar breytingar hvað það varðar. Mikilvægt er að miðstöðin lagi starfsemi sína að því með námsframboði sínu og þjónustu. Mikill vöxtur er í samstarfi við atvinnulíf, fyrirtækjaskóla, átaki í hæfniuppbyggingu innan ferða-



þjónustunnar og fræðslugreiningar. Í þessu samhengi er mikilvægt að tengja inn önnur ofangreind verkfæri og leiðir framhaldsfræðslunnar.

Aukin áhersla var á raunfærnimat og að leita leiða til að efla samstarf símenntunarmiðstöðvanna á Íslandi hvað það varðar til að ná betur til markhópa og skapa jafnræði. Ákveðinna breytinga gættir í eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf, ekki síst þegar vel árar á vinnu- markaði. Hún tengist í dag frekar aukinni þjónustu við þátttakendur okkar, aðstoð við frekari hæfniuppbyggingu og næstu skref sem og að tengja hana við þá geira atvinnulífsins sem standa frammi fyrir breytingum og starfsmenn sem þurfa að huga að starfsþróun sinni.



Stór hópur sérfræðinga vinnur með SÍMEY við kennslu, þjálfun, þróunarvinnu og gerð raunfærnimats. Telja má að um 140 aðilar komi að samstarfi við miðstöðina á ársgrunni. Um er að ræða kennara framhaldsskólanna og sérfræðinga úr atvinnulífinu. Einnig hefur stór hópur aðila úr atvinnulífinu, stéttarfélögum, skólakerfinu og úr markhópi framhaldsfræðslunnar unnið með SÍMEY í þeim fjölmörgu verkefnum er m.a. snúa að hæfnigreiningum, þróun á nýju starfstengdu námi og öðrum verkefnum. Einnig hefur vinna við þróunarverkefni – og þá aðallega hæfnigreiningar – vaxið mikið og það nýjasta er að nýta hæfnigreiningar til að búa til raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins. Ef þetta gengur eftir, er kominn mjög áhrifamikill vinkill á hæfniuppbyggingu á vinnumarkaði. Þessi vinna hefur skilað SÍMEY enn sterkari tengingu við hagsmunaaðila, samfélag og atvinnulíf. SÍMEY á í farsælu samstarfi við skólasamfélagið í Eyjafirði og eru verkefni og samstarf aðila á milli, mismikið þó eftir eðli og starfsemi stofnana.



Lokaorð

Miklar breytingar munu verða í samfélagi okkar á komandi árum með tilkomu fjórðu iðnbýltingarinnar svokölluðu. Mikilvægt er að stutt verði með ráðum og dáð við þann geira allan með umgjörð, lagasetningu og fjármagni. Í því samhengi er m.a. æskilegt að vinna við lagasetningu fyrir framhaldsfræðsluna verði haldið áfram, til að styrkja umgjörð framhaldsfræðslunnar og móta framtíðarsýn fyrir hana.



Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar geta gegnt lyk- ilhlutverki á komandi tímum í að efla samfélagið og vinnumarkaðinn í nýrri hæfni og færni og aðstoða markhópa sem standa frammi fyrir breytingum. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar geta verið einstakt tannhjól í gangverki skóla og vinnumarkaðar til að mæta þessum áskorunum. Til að það gangi eftir þarf að hlúa að framhaldsfræðslunni, efla hana og styrkja með markvissum hætti á komandi árum – samfélaginu öllu til heilla.

